

Atli Harðarson

Efahyggja

1. Sögulegt yfirlit

Heimspékileg efahyggja á sér meira en tvö þúsund ára sögu. Helsti upphafsmaður hennar var Pyrrón. Hann var uppi milli 360 og 270 fyrir okkar tímatal og hefur því verið um það bil 25 árum yngri en Aristóteles. Pyrrón er oft kenndur við borgina Elís á norðvestanverðum Pelópskaga, rétt hjá þeim stað sem Grikkir héldu Ólympíuleikana til forna.

Engin rit eru til eftir Pyrrón og margt er á huldu um kenningar hans. Heimildir um hann sem varðveist hafa benda til þess að hann hafi kennt mönnum að þeir skyldu engu trúá: Skoðanir manna stangist á og til séu álíka góð rök með þeim og móti, því sé engin þeirra öðrum sennilegri.

Efahyggju Pyrróns virðist fyrst og fremst hafa verið stefnt gegn siðfræðingum sem töldu að menn gætu ekki öðlast hamingju nema þeir lærðu að þekkja einhvern yfirskilvitlegan veruleika eða tileinka sér langsótt fræði.¹ Slíkar kenningar voru vel kunnar meðal annars af samræðum Platóns. Gegn siðfræðilegri rökhyggju í þessum dúr hélt Pyrrón því fram að menn yrðu hamingjusamir með því að læra að lifa í sátt við óvissuna.

Eftir daga Pyrróns varð efahyggjan að öflugri heimspekihefð sem dafnaði við hlið stóuspeki og epíkúrisma. Efahyggja varð þó aldrei að kenningu eins

¹ Sjá Hallie 1985 bls. 8. Ítarlegri greinargerð fyrir því hvaða markmiðum efahyggjurök þjónuðu í fornöld má finna í Sedley 1985.

og hinar stefnurnar tvær. Hún var fremur safn aðferða til að gera lítið úr rökum þeirra sem töldu sig vita eitthvað um eðli veruleikans og náttúru hlutanna. Þá eins og nú voru efahyggjumenn stríðnispúkarnir í hópi heimspekinga: þóttust ekkert vita en reyndu að sýna fram á að þeir sem lengst gengu í kokhraustri vissu byggju ekki yfir svo öruggri þekkingu sem þeir vildu vera láta.

Frægasti nemandi Pyrróns var Tímon (um 320 - 230 f. Kr.). Hann samdi kvæði þar sem gert er gys að heimspeki Platóns og Aristótelesar. Þegar um daga Tímóns varð efahyggjan ríkjandi heimspekistefna í Akademiunni, skólanum sem Platón stofnaði um 385 f. Kr. Næstu aldir var Akademían helsta vígi efahyggjunnar. Þar blandaðist hún á ýmsan hátt saman við stóuspeki. Á fyrstu öld f. Kr. klofnuðu efahyggjumenn svo í tvær fylkingar þegar Aenesidemus reyndi að endurvekja hinn upprunalega pyrrónisma og losa hann við áhrif frá stóuspeki. Eftir þetta var gerður greinarmunur á pyrrónisma og akademískri efahyggju. Akademíska efahyggjan var talin heldur hófstílltari og það álit hélst þegar efahyggja var endurvakin á nýöld.²

Helstu heimildir sem varðveist hafa um efahyggju fornaldar eru rit læknis nokkurs sem hét Sextus Empiricus og var uppi um 200 árum eftir fæðingu Krists.³ Hann taldi sig fylgismann Pyrróns og kenndi mönnum að þeir skyldu lifa í sátt við óvissuna enda væri það ekki í mannlegu valdi að öðlast neina örugga vitneskju. Trúr þeirri skoðun sinni að ekkert yrði vitað með vissu sagði hann að ekki væri einu sinni hægt að fullyrða að ekkert yrði vitað.⁴ Þetta kann að virðast einkennileg afstaða. En síðar í þessu erindi mun ég sýna fram á að hún sé bæði rökrétt og skynsamleg.

Með hruni vestrómverska ríkisins leið efahyggja fornaldar undir lok. Á endurreisnartímanum uppgötvuðu Evrópumenn aftur þessa fornu heimspeki og

² Sjá til dæmis lokakafla *Rannsóknar á skilningsgáfunni* eftir Hume.

³ Aðrar heimildir sem varðveist hafa um efahyggju fornaldar eru þessar helstar: *Afísaga Pyrróns* eftir Diogenes Laertius (3. öld f. Kr.), samræðan *Academica* eftir Cicero (106 - 43 f. Kr.) og ritið *Contra Academicos* eftir Ágústínus frá Hippó (354 - 430 e. Kr.). Rit Ágústínusar er tilraun til að hrekja akademíska efahyggju. Það er hið eina þessara rita sem var aðgengilegt lærdómsmönnum á miðöldum.

⁴ Sextus Empiricus 1985, bls. 94.

síðan hefur efahyggjan haft mikil áhrif á hugmyndaheim Vesturlandabúa.⁵

Efahyggja endurreisnartímans virðist hafa dregið mjög dóm af kenningum Sextusar. Henni var fyrst og fremst stefnt gegn guðfræðilegri rökhyggju. Þeir sem héldu fram efahyggjurökum vefengdu þó ekki kristinn dóm og trúarkreddur, heldur aðeins kenningar sem gerðu ráð fyrir að menn gætu leitt trúarlega leyndardóma í ljós með skynseminni einni. Efahyggjumenn endurreisnartímans áttu það þó til að andmæla þeim sem lengst gengu í kreddufestu. Frægasta efahyggjumanns 16. aldar, Frakkans Montaigne, er meðal annars minnst fyrir að hafa spurt: „Ofmeta menn ekki tilgátur sínar ef þeir álíta þær gefa sér rétt til að grilla náungann?“ Um hans daga voru menn brenndir á báli fyrir að útbreiða aðrar tilgátur um hinstu rök tilverunnar en þær sem valdhafar héldu fram. Á 17. öld voru rök úr smiðju efahyggjumanna svo notuð í vaxandi mæli af þeim sem börðust fyrir trúfrelsi og samviskufrelsi. Þaðan eru þau komin inn í frjálslynda stjórnmálaheimspeki. Sagan af því hvernig vopn úr smiðju Sextusar hafa nýst frjálslyndum stjórnspekingum á nýöld hefur aðeins verið skráð að litlu leyti. Að minni hyggju er þetta ákaflega merkileg saga.

Á 17. öld urðu þáttaskil í sögu efahyggjunnar. Frá þeim tíma hafa rök efahyggjumanna ekki síður beinst gegn þeim sem halda á lofti merki vísinda og vísindalegra aðferða en þeim sem telja sig hafa höndlað trúarleg eða siðferðileg sannindi. Síðan hafa fjölmargir heimspekingar glímt við vofu pyrrónismans. Frægastur þessara glímumanna er René Descartes (1596-1659). Hann vildi sýna fram á að vísindaleg þekking sé örugg þekking. Til þess varð hann að hrekja efahyggjurök sem benda til að ekki sé neina örugga þekkingu að hafa. Í þessu skyni setti hann fram svo róttæka efahyggju sem mest má vera:

Ég hugsa mér þá að ... illur andi sem er jafn máttugur og hann er fullur af falsi leggi sig allan fram um að blekkja mig; ég geri ráð fyrir að himinn og jörð, litir, útlínur, hljóð og allir aðrir ytri hlutir séu einungis tálmyndir og draumar sem andinn bregður upp til að blekkja mig.⁶

⁵ Um áhrif fornrar efahyggju á heimspeki við upphaf nýaldar sjá Schmitt 1985

⁶ *Hugleiðingar um frumspeki* 1. hluti. Þýtt eftir Descartes 1931 bls. 148.

Þessa efahyggju sem Descartes ræðir má setja fram sem einfalda spurningu: „Hvernig veistu að þú ert ekki leiksoppur svona anda?” Efahyggjurök sem sett voru fram af Sextusi og endurreisnarmönnum áttu það sameiginlegt að vefengja einhverjar tiltekna kenningar. En þessi rök sem Descartes ræðir virðast til þess fallin að kasta rýrð á alla okkar þekkingu. Descartes taldi sig geta hrakið þessar róttæku efasemdir með því að sanna að til sé góður Guð sem lætur það ekki viðgangast að menn séu blektir um alla hluti. Með þessu hélt hann sig hafa kveðið vofu Pyrrónismans niður í eitt skipti fyrir öll. En samt gekk hún áfram ljósum logum og átti eftir að tvíeflast í ritum Skotans Davids Hume (1711-1776).

Frægustu efahyggjurök Humes eiga að sýna að menn geti ekki haft neina skynsamlega ástæðu til að ætla að þau náttúruleg mál sem gilt hafa til þessa muni líka gilda í framtíðinni og þar með að hugmyndir manna um það ókomna skorti röklegar undirstöður.⁷ Hume ræddi líka efahyggjurök af því tagi sem Descartes taldi sig hafa hrakið og komst að þeirri niðurstöðu að við þeim eigi mannleg skynsemi ekkert svar.

Líkt og Descartes taldi Hume sig bandamann vísindalegrar hugsunar en öfugt við Descartes áleit hann sig hafa leitt í ljós að hún yrði á endanum ekki studd neinum skynsamlegum rökum og ekki væri kostur á neinni vissu um réttmæti vísindalegra aðferða og sanngildi vísindakenninga. Hume áleit þó að róttæk efahyggja eins og Descartes setti fram og ræddi yrði aldrei útbreidd því þótt skynsemin ætti ekkert svar við henni væri hún svo andstæð mannlegum eðlishvötum og tilfinningum að menn gætu aldrei tekið hana alvarlega.

... efahyggjukenningum getur vaxið fiskur um hrygg, og þær geta dafnað meðan þær halda sig innan veggja skólanna, þar sem það er erfitt ef ekki með öllu ómögulegt að hrekja þær. En um leið og efahyggjan hættir sér út og lendir í návígi við raunveruleg fyrirbæri sem kveikja ástríður vorar og hræra við tilfinningunum, þá rís allt það máttugasta í manneðlinu gegn henni og blæs efanum burtu sem reyk, svo hinn ákafasti efahyggjumaður verður rétt eins og fólk er flest.⁸

⁷ Sjá 4. kafla *Rannsóknar á skilningsgáfunni*.

⁸ Hume 1988, bls. 259-260.

Niðurstaða Humes er sem sagt á þá leið að engin skynsamleg rök mæli gegn efahyggju: það séu engin rök fyrir því að trúa vitnisburði skilningarvitanna, en menn trúi honum samt því þeir geti ekki annað. Menn eru knúnir til þess af einhvers konar sálfræðilegri nauðsyn að trúa ýmsu sem styðst ekki við nein rök. Hume áleit pyrrónista hafa rétt fyrir sér en bætti því við að mönnum væri samt fyrirmunnað að taka rök þeirra mjög alvarlega:

Stóumenn og epíkúristar halda fram kenningum sem geta ekki aðeins sannfært fólk varanlega, heldur og haft áhrif á hegðun þess og breytni. En Pyrrónssinni getur hvorki vænst þess að hegðun sín hafi nein viðvarandi áhrif á hugann né heldur að slík áhrif, ef einhver væru, yrðu samfélaginu til gagns.⁹

Eftir daga Humes reyndu margir heimspekingar að hrekja efahyggju hans. Af þeim eru tveir frægastir, Skotinn Thomas Reid (1710-1796) og Þjóðverjinn Immanuel Kant (1724-1804). Alla tíð síðan hafa tilraunir heimspekinga til að víkja sér undan atlögum efahyggjumanna dregið dóm af verkum þessara tveggja 18. aldar spekinga. Meðal frægra eftirmanna Reids má nefna Englendinginn George Edward Moore (1873-1958) og samtímamann okkar Bandaríkjamanninn Roderick M. Chisholm (f. 1916). Af þeim sem hafa lært glímubrögð sín af Kant má fræga telja Þjóðverjann Rudolf Carnap (1891-1970), Austurríkismanninn Ludwig Wittgenstein (1889-1951) og Bandaríkjamanninn Willard van Orman Quine (f. 1908).

Ég læt þetta duga sem sögulegan inngang. Í því sem á eftir fer ætla ég að ræða nútímaútgáfu af efahyggjurökum Descartes sem vitnað var í, sýna fram á að Reid, Kant og eftirmenn þeirra séu varnarlausir frammi fyrir henni og verja hugmyndir í dúr við þær sem hér hafa verið eignaðar Sextusi og Hume.

Eftir því sem ég kemst næst voru þau rök sem um ræðir fyrst rædd í einhverri alvöru af bandaríska heimspekingnum Hilary Putnam árið 1981.¹⁰ Það má orða þau á þessa leið:

Í gær varst þú numinn brott af geimverum. Þær tóku heilann úr hauskipunni og settu hann í krukku en hentu restinni af skrokknum. Æðar sem standa út úr heilanum tengdu þær við dælu sem dælir blóði jafn góðu og

⁹ Sama rit bls. 261.

¹⁰ Sjá Putnam 1981, bls. 1 - 21.

heilinn var vanur að fá og taugar sem bera heilanum boð tengdu þær við vélar sem búa til svipuð áreiti og þú fengir ef þú gengir enn um á jörðu niðri. Að síðustu strokuðu þær út úr heilabúi þínu allar endurminningar um þessa skurðaðgerð og allar upplýsingar sem gætu fengið þig til að gruna hvernig hógum þínum er háttað. Hvernig veistu að það er ekki svona komið fyrir þér? Hvernig veistu að þú ert ekki heili í krukku?¹¹

Sá sem ætlar að hrekja efahyggju verður að gera þessari spurningu viðhlítandi skil. Takist það ekki verður hann að fallast á að hann viti ekki hvort hann hefur mannlíkama og er staddur á jörðinni eða er heili í krukku á ferð um geiminn. Í fljótu bragði mætti ætla að sá sem ekki veit þetta viti heldur ekki hvort hann hefur tvær hendur, hvort fólkið sem hann sér er til í alvöru eða hvort það er aðeins sýndarveruleiki og hvort jörðin er enn á braut um sólu eða hvort geimverurnar hafa splundrað henni og brotin tæst um víðan geim. Já í fljótu bragði mætti ætla að sé ekki hægt að hrekja svona efahyggju þá neyðumst við til að viðurkenna að við vitum næstum ekki neitt og þar með *að svokölluð vísindaleg þekking sé ekki raunveruleg þekking heldur aðeins hugmyndir sem engin leið er að vita hvort líkjast veruleikanum hið minnsta.*

¹¹ Í útgáfu Putnams af sögunni er ekki gert ráð fyrir geimverum heldur illgjörnum vísindamanni.

2. Tilraunir til að hrekja efahyggju

Eins og ég hef minnst á hafa fjölmargir heimspekingar reynt að hrekja efahyggju og sýna fram á að menn viti að furðusögur, eins og sú sem hér var sögð um geimverur og heila í krukku, geti ekki verið sannar.

Þessi svör eru einkum af tvennu tagi. Aðra tegundina kýs ég að kenna við Immanuel Kant, hina við Thomas Reid. Byrjum á Kant.

Helsta heimspekirit Kants, *Gagnrýni hreinnar skynsemi* er enginn smá doðrantur. Það má lesa meginhluta þessa rits sem eina langa röksemdafærslu fyrir því að vísindaleg þekking sé örugg þekking en um trúarleg efni sé hins vegar ekki kostur á öruggri þekkingu - um æðri máttarvöld og eilíft líf geti menn ekkert vitað heldur verði að láta sér duga að trúa og vona.

Þótt Kant gerði strangan greinarmun á trú og þekkingu taldi hann samt að trú, til dæmis á framhaldslíf og æðri máttarvöld, geti verið skynsamleg. Hér er ekki rúm til að gera rökum hans nein almennileg skil en með nokkurri einföldun má segja að hann hafi talið skoðanir um hluti sem eru utan ramma mögulegrar reynslu vera skynsamlegar ef þær hafa góð áhrif á líf manna og eru um leið eðlilegt og rökrétt framhald af hugsun þeirra um fyrirbæri reynsluheimsins.

Til að verja vísindalega þekkingu fyrir atlögum efahyggjumanna segir Kant að hún fjalli ekki um veruleikann eins og hann er í sjálfum sér heldur aðeins um reynsluheim manna, það hvernig veruleikinn birtist okkur. Kant áleit að þótt við getum ekki vitað neitt um þann veruleika sem býr að baki reynslunni getum við þó alltént vitað ýmislegt um okkar eigin reynslu og þær reglur eða lögmál sem hún fylgir.

Samkvæmt því sem Kant segir í *Gagnrýni hreinnar skynsemi* er fánýtt að spyrja hvort reynsluheimurinn, það sem við sjáum og þreifum á, líkist veruleikanum eins og hann er í sjálfum sér. Samkvæmt *mínum mælikvarða*, þeim eina sem ég hef, á hvað er raunverulegt og hvað ekki er sá heimur sem ég þekki raunverulegur. Þennan mælikvarða get ég ekki vefengt án þess að misnota hugtökin - ég hef engan annan kvarða til að mæla hann með.

Hugtökin sem ég hef nýttast til að gera grein fyrir reynslu minni en reyni skilningur minn að fálma með þeim út fyrir alla mögulega reynslu þá grípa

þau í tómt. Það er því, að áliti Kants, ómögulegt að nota hugtök til að vefengja að reynsluheimurinn sé hlutlægur veruleiki því engin reynsla getur skorið úr um hvort svo sé.

Þetta er mikil kenning og torskilin. Meginhugmynd Kants er að efahyggjurök, eins og Descartes setti fram með hugmyndinni um illa andann eða þau sem hér eru til umræðu, byggji á rangri notkun eða misnotkun á hugtökum. Þessi skoðun hefur gengið aftur alla tíð síðan *Gagnrýni hreinnar skynsemi* kom fyrst út árið 1781.

Hversu trúleg er kenning Kants um þetta efni? Hvaða hugtök eru misnotuð í sögunni um geimverurnar sem settu heilann á þér í krukku? Sagan er vel skiljanleg hverju barni. Það er því ótrúlegt að framsetning hennar krefjist þess að hugtök séu rangt notuð.

Hugmynd Kants, að fella efahyggjumennina á prófi í hugtakanotkun, varð vinsæl meðal rökfræðilegra raunhyggjumanna á fyrri hluta þessarar aldar. Fremstur í flokki þeirra stóð samlandi Kants, Rudolf Carnap. Hann setti fram og varði kenningu um mál og merkingu sem segir að fullyrðing sé því aðeins merkingarbær að einhver reynsla geti skorið úr um hvort hún sé sönn eða ósönn. Þessa kenningu reyndi hann svo að nota til að sýna fram á að tal um að allar skynjanir okkar séu blekking sé merkingarlaust. En hvernig getur saga sem hvert barn skilur verið merkingarlaus?

Það er annars skemmtilegt að velta því fyrir sér að þótt engin reynsla sem ég get aflað mér sé þess umkomin að afsanna eða útiloka að ég sé heili í krukku þá er hugsanlegt að reynsla annars manns staðfesti að svona sé komið fyrir mér. Hvað ef geimverurnar bjóða honum um borð, sýna honum heilann í krukku og útskýra hvernig hann er þangað kominn, bjóða honum jafnvel að tengja hausinn á sér við sýndarveruleika, eins og ég bý við, í nokkrar mínútur til að sýna honum hvað blekkingin er fullkomin. Samkvæmt merkingarfræði Carnaps er fullyrðing um að annar maður en ég sé blekktur um alla hluti því merkingarbær og það má undarlegt heita ef saga glatar merkingu sinni ef fornafnið „ég” er sett í stað fornafnsins „hann”.

Við þurfum annars ekki að elta ólar við Kant og Carnap. Aðrir hafa sýnt fram á að kenningar þess fyrrnefnda um hugtök og þess síðarnefnda um mál og merkingu fá ekki staðist, að minnsta kosti ekki að öllu leyti. Nú á tímum

vitna þeir sem vilja fella efahyggjumenn á prófi í málnotkun og beitingu hugtaka frekar í Wittgenstein og Quine en Kant og Carnap.

Það er óljóst hvort Wittgenstein taldi sig hafa hrakið efahyggju. Hann setti fram bollaleggingar í þá veru að grundvallaratriði þekkingar okkar séu ekki sannindi sem við getum vitað eða vitað ekki, efað eða efað ekki heldur undirstaða sem við verðum að standa á til að geta gert greinarmun á því þekktu og því óþekktu, því sem má draga í efa og því sem er hafið yfir grun. Wittgenstein virðist hafa gælt við hugmyndir í þá veru að það sé merkingarleysa eða misnotkun á hugtökum að efast um réttmæti þessarar undirstöðu.¹²

Sumir fylgismenn Wittgensteins virðast álíta að kenning hans um að tilvera tungumálsins sé háð samskiptum milli manna hreki efahyggjurök sem vefengja tilveru annars fólks (eða þess fólks sem mér finnst ég umgangast). Rökin fyrir þessu eru í þá veru að sá sem er einn í heiminum hljóti að vera mállaus og þar með ófær um að hugsa þá hugsun að hann sé einn í heiminum. Hér er ekki rúm til að gera grein fyrir málspeki Wittgensteins. En það er vandséð hvernig kenning um að mannamál geti ekki orðið til nema í samskiptum margra manna útilokar að maður sé numinn brott af geimverum og blekkur með þeim hætti sem hér er til umræðu eftir að hann hefur lært að tala. Væri þetta gert við ómálga barn yrði ef til vill ekki um neina blekkingu að ræða þar sem málleysi kæmi kannski í veg fyrir að það myndaði sér skoðanir.

Afstaða bandaríska heimspekingsins og rökfræðingsins Quines virðist um margt lík hugmyndum Wittgensteins en er sett fram á nokkuð ljósara máli. Í útvarpserindi sem Quine flutti árið 1973 spurði hann: „Er eitthvað til sem menn geta aldrei vitað?” Svo hélt hann áfram:

.../ Sumt munu menn augljóslega aldrei vita. Menn munu aldrei vita hve margir bílar aka í bæinn frá þessari stundu fram að miðnætti. Þetta munu menn aldrei vita, enda er öllum sama. En menn gætu vitað þessa tölu ef þeim væri nægilega umhugað um það og hugsuðu fyrir því að setja upp búnað til að telja bílana.

Við ættum fremur að spyrja hvort til sé eitthvað sem menn gætu aldrei vitað hversu mikla fyrirhyggju sem þeir sýndu í að láta fylgjast með hlutunum, koma fyrir myndavélum, hljóðupptökutækjum, Geigerteljurum og öðrum mælitækjum?

¹² Þessi umfjöllun um Wittgenstein byggir að nokkru á Kenny 1975 bls. 203 og áfram.

.../ Þegar við spyrjum hvort til sé eitthvað sem menn gætu aldrei vitað þá erum við raunar að spyrja hvort til séu *spurningar* sem menn gætu aldrei svarað.¹³

Quine útskýrir mál sitt betur og segir:

Þegar spurt er hvort til sé eitthvað sem menn munu aldrei vita, þá er verið að fiska eftir því hvort sumum spurningum sé fræðilega útilokað að svara, þannig að engar rannsóknir geti gefið mönnum nokkra ástæðu til að svara þeim á einn veg fremur en annan.¹⁴

Í lok erindisins svarar Quine spurningunni og segir:

Minumst þess að spurningar eru orðaðar á einhverju máli. Menn læra málið af öðru fólki og þegar öll kurl koma til grafar þá læra þeir málið aðeins með því að tengja það sýnilegum kringumstæðum. Tengsl tungumáls og skynjunar eru oft ansi langsótt, en á endanum eru skynjanir eina akkerið sem tengja málið við veruleikann. Sé fræðilega ómögulegt að svara spurningu þá þykir manni sem málið sé á villigötum, það sé komið úr skorðum og spurningin sé merkingarlaus. .../ Spurt var hvort til séu spurningar - merkingarbærar spurningar - sem er fræðilega útilokað að menn finni svar við. Samkvæmt þessari heimspeki er svarið við þessari spurningu um spurningar *nei*.¹⁵

Eftir að Quine flutti þetta útvarpserindi hafa ýmsir reynt að sýna fram á að ómögulegt sé að setja efahyggju fram án þess að brjóta einhverjar reglur um notkun hugtaka eða tungumáls þótt heldur hafi verið hljótt um slíka speki síðustu tíu árin eða svo. Athyglisverð tilraun sem oft er vitnað til er í grein eftir Donald Davidson, nemandi Quines. Sú grein var skrifuð árið 1977. Í henni heldur Davidson því fram að við túlkum orð annars fólks ævinlega svo að sem mest vit fáist í þau. Þetta sé eina leiðin til að skilja það sem aðrir segja. Þýðing eða túlkun sem gerir ráð fyrir að skoðanir annars manns séu rangar í flestum greinum er röng þýðing. Eftir að hafa gert grein fyrir þessari kenningu sinni segir Davidson:

En nú er ljóst að sú hugmynd að okkur skjátlist í flestum greinum er hrein endileysa því hún gerir ráð fyrir að einhver (alvitur túlkur) geti réttilega túlkað orð annars manns svo að honum skjátlist um flest, og þetta höfum við sýnt fram á að sé ómögulegt.¹⁶

¹³ Quine 1976 bls. 59.

¹⁴ Sama rit bls. 62.

¹⁵ Sama rit bls. 66-7.

¹⁶ Davidson 1985, bls. 201.

Þótt sú vinnuregla að túlka orð annars fólks þannig að sem mest vit fáist í þau sé rétt og skynsamleg er þessi niðurstaða Davidsons ekki merkilegur pappír. Ef guð almáttugur (sem við skulum ætla að geti leikið „alvitran túlk“) getur lesið hugsanir heilans í krukkunni þá túlkar hann þær sem blekkingar og tálmyndir enda veit hann að orsakir þeirra eru vélabrögð geimveranna. Séum við blekkt um alla hluti getur sá sem allt veit og sér okkar heim utan frá séð hvernig komið er fyrir okkur og skilið orð okkar sem tóm ósannindi, alveg eins og við getum blekkt dýr og skilið viðbrögð þess - til dæmis páfagauks sem slæst við spegilmynd sína.

Ekki verður skilið við tilraunir í þessum dúr án þess að segja frá rökum Putnams gegn sinni eigin útgáfu af efahyggju.¹⁷ Putnam minnir á að sé heimurinn eins og ég held að hann sé þá sé setningin „Ég er heili í krukku“ ósönn. Sé ég hins vegar heili í krukku þá merki orðin „heili“ og „krukka“ sögð af mér það sama og aðrir mundu kalla tálmynd af heila og tálmynd af krukku. Orðin hljóta að hafa þessa merkingu fyrir mér því ég tengi þau fyrirbærum í minni reynslu. Af þessu leiðir að þótt ég sé heili í krukku er setningin „Ég er heili í krukku“ ósönn ef hún er sögð af mér því þá merkir hún að ég sé tálmynd af heila í tálmynd af krukku og það er ég svo sannarlega ekki. Það er sama á hvorn veg kjörum mínum er háttað, þegar ég segi „Ég er heili í krukku“ þá segi ég ósanna setningu.

Ekki þykja mér þessi rök Putnams sannfærandi, að minnsta kosti ekki ef þau eiga að hrekja efahyggju. Þau geta engan veginn útilokað að ég sé í raun og veru heili í krukku, aðeins að ég geti talað um krukkuna sem ég er í. Sé ég nýkominn í krukkuna geta þau þetta ekki einu sinni því þá hafa orðin enn sömu merkingu fyrir mér og þeim sem ganga um á jörðu niðri. Hafí ég hins vegar aldrei verið til nema sem krukkubúi þá get ég samt spurt hvort ekki sé líkt komið fyrir mér og heila í krukku og gildir þá einu þótt „heili“ á máli

¹⁷ Í Putnam 1981, bls. 1 - 21.

mínu merki tálmynd af heila og „krukka” tálmynd af krukku því þetta er alltént nokkuð líkt raunverulegum heila og raunverulegri krukku.¹⁸

Tilraunir þeirra Kants, Carnaps, Wittgensteins, Quines, Davidsons og Putnams til að hrekja efahyggju eiga allar að sýna að saga eins og sú sem hér er til umræðu sé merkingarlaus eða verði ekki sögð án þess að brjóta einhverjar reglur um notkun orða eða hugtaka. Þær stranda allar á því að hugmyndin um geimverur sem stela heilanum úr mér er skiljanleg hverju barni.

Þótt ég hafi aðeins rakið sögu þessara tilrauna til Kants nær hún lengra aftur. Fyrir daga Humes reyndi Írinn George Berkeley að vinna á efahyggju vopnaður kenningum um mál og merkingu.¹⁹ Að mínu viti eru þessar tilraunir merkilegur hluti af hugmyndasögunni. Þær sýna hvað menn eru tilbúnir að ganga langt til að víkja sér undan efahyggjunni. Sumar verstu fírrur heimspekinga á nýöld verða ekki skýrðar öðru vísi en sem mislukkaðar tilraunir til að verjast efahyggju.

Hér segi ég skilið við Kant og eftirmenn hans og sný mér að Reid, Moore og öðrum þeim sem kenna sig við heilbrigða skynsemi (philosophy of common sense). Þeir fallast yfirleitt á að forsendur efahyggjumannsins geri þá niðurstöðu sennilega að við vitum minna en við höldum okkur vita. En þeir bæta því við að margar aðrar forsendur séu líka sennilegar og ef tvær sennilegar forsendur stangist á þá verði að velja þá sem trúlegri er og hafna hinni.

Fræg eru rök Moores gegn efahyggju í grein sem hann birti fyrst árið 1939:

Ég get sannað það nú strax að til séu tvær mannshendur. Hvernig? Með því að halda höndum mínum á lofti og benda með hægri höndinni á þá vinstri og segja „Hér er ein hönd” benda svo með þeirri vinstri og segja „Hér er önnur”. /.../

En sannaði ég með þessu að til séu tvær mannshendur? Ég held því fram að það hafi ég gert og að sönnunin uppfylli ströngustu kröfur.²⁰

¹⁸ Rök Putnams eru gagnrýnd og hrakin með sannfærandi hætti í Forbes 1995. Umfjöllun mín byggir að nokkru leyti á grein hans.

¹⁹ Sjá Atli Harðarson 1994.

²⁰ Moore 1963 bls. 145 - 6.

Nú er engin leið að rengja það að af setningunni „Ég hef hendur“ leiði að ég sé ekki heili í krukku eins og geimverusagan gerir ráð fyrir. En það eitt að þessi setning sé sennilegri en geimverusagan sannar ekki neitt. Gætu geimverurnar ekki einmitt hafa sprautað einhverju efni í heilann á mér sem veldur því að mér finnist sennilegt að ég hafi hendur? Heilbrigð skynsemi getur ekki sigrast á efahyggju með svona auðveldum hætti.

Reid og eftirmenn hans sem hafa kennt sig við heilbrigða skynsemi geta ekki hrakið efahyggju með því einu að benda á að forsendur sem stangast á við hana séu sennilegar, enda telja þeir sig ekki þurfa þess. Ef ég skil rök þeirra rétt er þeim meira í mun að leiða efahyggju hjá sér, sýna fram á að ekki sé skynsamlegt að taka hana alvarlega en beinlínis að sanna að efahyggjumenn hafi rangt fyrir sér. Reid hélt því fram að það sé rétt að treysta skynfærum sínum, minni og öðrum gáfum nema bent sé á sérstakar ástæður til að tortryggja þær - sönnunarbyrðin sé hjá efahyggjumanninum ekki hjá þeim sem treystir sálgáfum sínum og náttúrulegri skynsemi. Hann féllst á þá skoðun Humes að það sé ekki hægt að staðfesta áreiðanleika mannglegrar skynsemi og skilningarvita en neitaði að fallast á að þetta gæfi tilefni til að vefengja vitnisburð þeirra. Nú á okkar tímum hefur Bandaríkjamaðurinn Roderick Chisholm tekið í svipaðan streng og sagt að skoðanir manna skuli teljast saklausar uns sekt þeirra er sönnuð.²¹

Hvernig á efahyggjumaðurinn að bregðast við þessu? Ef hann fellst á að sönnunarbyrðin sé hjá sér þá hefur hann tapað því hann getur ekki sannað að menn séu blekkir um alla hluti, aðeins bent á að það sé mögulegt. Neiti hann að taka við sönnunarbyrðinni þá stendur fullyrðing gegn fullyrðingu og mér vitanlega eru engin rök til sem sýnt geta að annar aðilinn hafi rétt fyrir sér. Þetta er óskastaða fyrir efahyggjumanninn. Hann getur sagt: Sjá það eru engin rök í málinu og engin leið að skera úr um hvor okkar hefur rétt fyrir sér. Viti enginn hvor okkar hefur rétt fyrir sér þá geta menn ekki vitað hvort rétt sé að treysta skynfærum sínum, minni, skynsemi og öðrum gáfum.

²¹ Sjá til dæmis Chisholm 1957 bls. 100 og 1982 bls. 14 og Pollock 1986 bls. 180 - 193.

Ég þóttist geta afgreitt andóf Kants og eftirmanna hans í fáum orðum. Það er erfiðara að gera tilraunum í anda Reids viðlíka skil. Samkenni allra þessara tilrauna er að rökstyðja að þótt efahyggjurök kunni að sýna að setning á borð við:

s1. Ég veit ekki hvort ég er heili í krukku.

sé sennileg þá stangist hún á við enn sennilegri fullyrðingar eins og til dæmis þá fullyrðingu að ég viti að ég hef hendur.

Þótt það eitt að mér finnist næsta víst að ég hafi hendur sé ekki líklegt til að sannfæra raunverulegan efahyggjumann þá setur það hann í erfiða stöðu ef sýnt er fram á að af s1 leiði að allar fullyrðingar um augljósa vitneskju á borð við „Ég veit að ég hef hendur”, „Ég veit að ég er á jörðinni” og „Ég veit að ég fór heim eftir vinnu í gær” séu ekki bara óvissar heldur beinlínis ósannar. Þá er hægt að segja við efahyggjumanninn: *Væri ekki nær að vefengja að allt þetta sé ósatt en að efast um tilveru eigin líkama?* Sá sem þetta segir gerir trúlega ráð fyrir að um leið og það er vefengt að ég viti ekki að ég hef hendur sé ástæða til að efast um að s1 sé sönn.

Er hægt að vinna á efahyggjunni með þessu móti? Það mætti reyna einhvern veginn svona:

- s1. Ég veit ekki hvort ég er heili í krukku.
- s2. Ef ég veit ekki hvort ég er heili í krukku þá veit ég ekki að ég hef hendur.

þar af leiðir:

- s3. Ég veit ekki að ég hef hendur.

Þessi rökfærsla er gild og sé s2 sönn þá verðum við að velja milli þess að hafna s1 eða samþykkja s3.²²

Ég þarf væntanlega ekki að fara mörgum orðum um að s1 og s2 eru báðar sennilegar en s3 hins vegar ósennileg. Sá sem telur sig geta fullyrt s1 og s2 með vissu verður að fallast á að það sé fullvíst að allar fullyrðingar á borð við „Ég veit að ég hef hendur” séu ósannar, ekki bara að þær gætu verið ósannar eða að við vitum ekki hvort þær eru sannar heldur að þær séu örugglega

²² Um nýlegar tilraunir til að sýna að réttara sé að hafna s1 sjá DeRose 1995.

ósannar. Þetta er ótrúlegt í hæsta máta og gefur því tilefni til að hafna s1 eða s2. Efahyggjumaður sem vill halda í s1 og láta sem s3 geti verið hvort sem er sönn eða ósönn verður því að hafna s2.

Sé s2 sönn þá hefur forsenda efahyggjumannsins, s1, vissulega skrýtnar afleiðingar, nefnilega að menn viti nær ekkert en viti þó að setningar á borð við „Ég veit að ég hef hendur“ séu allar ósannar.

*

Á síðustu árum hafa komið fram kenningar sem eiga að sýna að efahyggjurök útiloki ekki að menn geti vitað hitt og þetta. Þessar kenningar gera yfirleitt ráð fyrir að s2 sé sönn en segja að s1 sé tvíræð (eða margræð) og megi því bæði skiljast svo að hún sé sönn og svo að hún sé ósönn. Hér er einkum um að ræða samhengiskenningar (context theories) sem segja að það sé misjafnt eftir samhengi hvað séu gerðar strangar kröfur til skoðunar svo hún megi kallast þekking.²³ Efahyggjusögur skapi samhengi þar sem kröfurnar eru svo strangar að engin leið sé að uppfylla þær. Í rökfærslunni sem hér er til umræðu kvað s1 því aðeins vera satt að „að vita“ sé skilið strangasta skilningi, miklu strangari en í venjulegu, hversdagslegu samhengi. Í hversdagslegum skilningi sé s1 því ósatt og s3 líka.

Kenning um að „að vita“ hafi mismunandi merkingu eftir samhengi getur að minni hyggju ekki hrakið efahyggju, því ef sú skoðun mín að ég sé ekki heili í krukku uppfyllir ekki ströngustu skilyrði þá er mögulegt að ég sé heili í krukku. Kenningunni er heldur ekki beinlínis ætlað að hrekja efahyggju, heldur er henni ætlað að sýna fram á að þótt s1 sé satt (eða að minnsta kosti satt í einum skilningi) þá leiði ekki af því að allar hversdagslegar fullyrðingar um að menn viti til dæmis að þeir hafi hendur séu ósannar. Í því sem á eftir fer mun ég sýna fram á að það þurfi engar kenningar um að „að vita“ hafi mismunandi merkingu til að sýna fram á þetta því s2 sé ósönn og s1 gefi því ekki tilefni til að fallast á s3.

²³ Ágæta greinargerð fyrir samhengiskenningum má finna í DeRose 1995.

3. Ef ég veit ekki hvort ég er heili í krukku þá veit ég ekki að ég hef hendur.

Fyrir þrjátíu árum síðan var algengt að heimspekingar skilgreindu hugtakið „að vita” þannig að maður, M, viti að p, þýði að:

p sé satt;
M trúi að p sé satt og
M hafi skynsamlegar ástæður eða rök til að trúa að p sé satt.

Árið 1963 birti E. L. Gettier þriggja blaðsíðna greinarstúf í tímaritinu *Analysis*. Greinin heitir *Er þekking rökstudd sönn skoðun?* (Is Knowledge Justified True Belief?). Í henni sýnir Gettier fram á að þessi skilgreining dugi ekki. Sjaldan hafa jafnfáar blaðsíður komið jafnmiklu róti á hugi jafnmargra heimspekinga.

Gettier dregur ekki í efa að þau þrjú skilyrði sem hér voru nefnd séu hluti af réttri greiningu á hugtakinu *að vita*, en bendir á dæmi sem sýna að þau dugi ekki. Hliðstætt dæmi þeim sem Gettier nefnir mætti orða á þessa leið.

Hugsum okkur að ég komi í hús þar sem ég býst við að hitta Þorstein Gylfason. Hugsum okkur líka að Þorsteinn sé kominn á undan mér. Þegar ég kem inn í anddyrið sé ég yfirhöfn í fatahenginu sem er alveg eins og sú sem ég sá Þorstein í fyrr um daginn. Um leið og ég sé yfirhöfnina finnst mér fullvíst að Þorsteinn sé kominn. Ég veit ekki að þessi yfirhöfn hefur hangið þarna í marga daga því húsráðandi á alveg eins flík og Þorsteinn. Það sem ég sé í fatahenginu bendir því í raun og veru alls ekki til nærveru Þorsteins, en þetta gat ég ekki vitað.

Þótt mér finnst ég vita að Þorsteinn sé kominn veit ég það augljóslega ekki. Ég held það bara og álpast til þess fyrir glópalán að hafa rétt fyrir mér. Setjum nú „Þorsteinn er kominn” í stað p og mig í stað M í skilgreiningunni hér að framan. Samkvæmt skilgreiningunni ætti ég að vita að Þorsteinn er kominn, því skoðun mín er sönn, ég trúi henni og hef skynsamlegar ástæður til þess. Þetta sýnir að skilgreiningin getur ekki gengið því samkvæmt henni kallast skoðun mín vitneskja þótt hún sé það alls ekki.

Síðan Gettier birti grein sína hafa fjölmargir reynt að bæta nýjum skilyrðum við skilgreininguna á *að vita*. Hér verður sú saga ekki rakin. Það hefur enn ekki fundist nein pottþétt skilgreining, en það hefur verið bent á viðbótarskilyrði sem hlýtur að vera hluti af réttri skilgreiningu.²⁴ Þessi ábending var sett fram af Robert Nozick. Í bók sinni *Heimspökilegar útskýringar*²⁵ sýnir hann fram á að til að skoðun geti talist þekking þarf hún að standa í sambandi við veruleikann, hafa jarðsamband þannig að henni væri ekki trúað með sömu rökum ef hún væri ósönn. Þegar þessu skilyrði hefur verið bætt við líta drög að skilgreiningu á *að vita* svona út:

Ef (maður) M veit að (yrðingin) p þá gildir

p er satt;

M trúir að p sé satt;

M hefur skynsamlegar ástæður eða rök til að trúa að p sé satt;

M mundi ekki trúa p með sömu rökum ef p væri ósatt.²⁶

Þessi skilgreining dugar til að útiloka að meint vitneskja mín í sögunni um Þorstein og yfirhöfnina teljist raunveruleg vitneskja því þótt Þorsteinn hefði verið ókominn hefði ég samt trúað að hann væri þarna því rökin sem ég hef fyrir skoðun minni tengjast ekki á neinn hátt nærveru hans. Hefði ég hins vegar séð yfirhöfn Þorsteins sjálfs í anddyrinu en ekki aðra alveg eins þá hefði ég í raun og veru vitað að hann væri kominn því ég hefði ekki séð þá yfirhöfn hanga þarna að Þorsteini fjarverandi.

Þessa stuttlegu greinargerð fyrir hugtakinu „að vita” mun ég nú nota til að sýna fram á að setningin:

s2. Ef ég veit ekki hvort ég er heili í krukku þá veit ég ekki að ég hef hendur.

²⁴ Ekki eru þó allir á einu máli um þetta. Athyglisverð tilraun til að leysa vandamál Gettiers með öðru móti er til dæmis í Chisholm 1982 bls. 43 - 50.

²⁵ Nozick 1981 bls. 172 - 178.

²⁶ Skilgreining Nozicks er reyndar nokkuð frábrugðin þessu því hann sleppir 3. skilyrðinu, talar um aðferð til að afla þekkingar þar sem ég nefni rök í 4. skilyrðinu og bætir við enn einu skilyrði sem er á þá leið að M mundi trúa p ef það væri satt en aðstæður breyttust að öðru leyti.

sé ósönn. Hún virðist að vísu trúleg við fyrstu sýn. En til að fletta ofan af henni ætla ég að byrja á að snúa henni á haus. Merking hennar breytist ekki við það:

s2'. Ef ég veit að ég hef hendur þá veit ég hvort ég er heili í krukku.

Meginástæða þess að setningin er sennileg við fyrstu sýn er að hana leiðir beint af rökfærsluformi sem oft er óhætt að nota og við grípum iðulega til án þess að gera okkur mikla grein fyrir því. Þetta rökfærsluform eða skema er svona:

r1.
M veit að p
M veit að ef p þá q
þar af leiðir:
M veit að q.

Ef við setjum mig í stað M, „Ég hef hendur” í stað p og „Ég er ekki heili í krukku” í stað q þá getum við notað r1 til að leiða út fullyrðinguna „Ég veit að ég er ekki heili í krukku” En er r1 gilt rökfærsluform?

Ég sagði að oft sé óhætt að nota r1. Þetta á við þegar M veit ekki bara að p, heldur veit líka að hann veit p. Að vita sig vita eitthvað er nokkurn veginn það sama og heitir á daglegu máli að vera viss. Við getum því sagt með öðrum orðum að okkur sé óhætt að nota þetta rökfærsluform þegar M veit ekki bara að p heldur er viss í sinni sök og það er talsvert mikill munur á að vita eitthvað og að vera viss.

Tökum dæmi: Hugsum okkur nemanda sem hefur hingað til haldið að jörðin sé flöt en er búinn að læra það af vel menntuðum og áreiðanlegum kennara að hún sé kúla og hluti jarðarbúa byggir lönd öndvert honum á hnettinum. Þessi nemandi uppfyllir öll skilyrði þess að vita að jörðin er hnöttótt. Hann trúir því og þar sem hann þekkir kennara sinn af því að vera lærður og áreiðanlegur hefur hann góðar ástæður til að taka mark á orðum hans svo skoðun hans styðst við þökkaleg rök. Hún er líka næm því væri jörðin ekki kúlulaga hefði kennarinn ekki haldið því fram. Nemandinn veit nú ekki bara að jörðin er kúlulaga heldur líka að ef jörðin er kúlulaga þá snúa íbúar fjarlæggra landa á haus miðað við hann sjálfan. En í hvert sinn sem

honum verður hugsað til þess fáránlega möguleika að sumt fólk snúi á haus fer hann að efast um allt sem kennarinn hefur kennt honum. Hann vefengir jafnvel eigin ályktunargáfu og trúir því tæpast að þetta geti í raun og veru leitt af hinni nýfengnu landafræðipækkingu sinni.

Eigum við að segja að nemandinn viti að íbúar fjarlæggra landa snúi á haus? Augljóslega ekki. Hugsunin um þetta fær hann til að efast um að hann viti að jörðin sé hnöttótt og þessi efi veldur því að hann treystir sér ekki til að nota forsenduna „Jörðin er hnöttótt“ til að álykta að sumir íbúar hennar snúi á haus.

Það getur vel farið saman að M viti að p og að M sé ekki til í að treysta á p þegar draga þarf ályktun sem honum finnst hæpin af einhverjum ástæðum. Manni getur þótt skoðun nógu traust til að reiða sig á í einu samhengi en of ótraust til að stóla á í öðru samhengi. Nemandanum finnst vitneskja sín um kúlulögun jarðar til dæmis ekki nógu traust til að álykta að sumir jarðarbúar snúi á haus en honum getur samt fundist hún nógu áreiðanleg til að skýra hvers vegna hlutir sem fljóta til hafs hverfa fyrir sjóndeildarhring. Til að þetta geti farið saman þarf ekki annað en að hann álíti þekkingu sína ótrausta, að hann sé ekki alveg viss. Sé maður hins vegar alveg viss um eitthvað þá kemur þetta ekki til og þá er óhætt að nota rökfærsluformið r1.

Dæmið af nemandanum sem hefur nýlega lært um kúlulögun jarðar er að ýmsu leyti hliðstætt þeim efahyggjurökum sem hér eru til umræðu. Gerum ráð fyrir að heimurinn sé nokkurn veginn eins og mér virðist hann vera. Að þessu gefnu er óhætt að fullyrða að ég viti að ég hef hendur því:

Það er satt að ég hafi hendur;
ég trúi því að ég hafi hendur;
ég hef rök fyrir þessari skoðun minni og;
ég mundi ekki trúa henni með sömu rökum ef ég væri handalaus.

Skoðun mín uppfyllir semsagt öll þau skilyrði sem um var rætt að skoðun þurfi að uppfylla til að teljast þekking. Hins vegar veit ég ekki hvort ég er heili í krukku því sú skoðun mín að svo sé ekki uppfyllir ekki fjórða skilyrðið. Ég mundi trúa henni með sömu rökum þótt hún væri ósönn.

Um leið og ég hugleiði þann möguleika að ég sé heili í krukku þá sé ég að ég get ekki verið alveg viss um að ég hafi hendur. Þótt ég viti þá veit ég ekki að ég veit. Í þessu tilviki get ég ekki notað rökfærsluformið

r1.
M veit að p
M veit að ef p þá q
þar af leiðir:
M veit að q.

Því um leið og ég hugleiði q sé ég að mér er ekki óhætt að reiða mig á fyrri forsenduna. Samt get ég fullyrt að sé heimurinn nokkurn veginn eins og hann virðist þá viti ég p. En þótt ég viti að ég hef hendur er ekki þar með sagt að ég viti að forsendan „Ég veit að ég hef hendur“ sé sönn. Það er munur á að vita og að vita sig vita.

Ég tel mig nú hafa sýnt fram á að rökfærsluformið r1. sé ógilt.²⁷ Það virðist gilt við fyrstu sýn því menn rugla því saman við rökfærsluformið:

r2.
M er viss um að p
M veit að ef p þá q
þar af leiðir:
M veit að q.

sem er að öllum líkindum gilt. Með r1 fellur

s2. Ef ég veit ekki hvort ég er heili í krukku þá veit ég ekki að ég hef hendur.

Hún er sem sagt ósönn. Hins vegar er:

s2". Ef ég veit ekki hvort ég er heili í krukku þá get ég ekki verið viss um að ég hafi hendur.

sönn ef mér skjátlást ekki.

Samkvæmt þessu gefur

s1. Ég veit ekki hvort ég er heili í krukku.

²⁷ Fyrstur til að færa rök gegn r1 svo ég viti var Nozick (sjá Nozick 1981, bls. 204 - 211). Síðan hafa margir tekið í svipaðan streng (sjá til dæmis Brueckner 1995).

okkur ekkert tilefni til að álykta að fullyrðingar á borð við „Ég veit að ég hef hendur“, „Ég veit að ég er á jörðinni“ og „Ég veit að ég fór heim eftir vinnu í gær“ séu ósannar, heldur aðeins að við getum ekki verið viss um að þær séu sannar, ekki vitað að við vitum þetta.

Hér er ég kominn að sömu niðurstöðu og Sextus Empiricus. *Við getum ekkert fullyrt af eða á um hvort menn vita eitthvað.* Rökrétt ályktun af sl er að segja að það sé mögulegt að menn viti ýmislegt og það sé líka mögulegt að þeir viti næstum ekki neitt.

Þessi niðurstaða ætti svo sem ekki að koma á óvart. Það er vinsæll leikur meðal heimspekinga að leika Guð. Hugsum okkur að Guð hafi skapað tvo heima en ekki einn. Annar heimurinn er eins og sá sem við álítum okkur byggja. Í hinum er ekkert annað en einn mannshugur (eða heili) og einn illur andi sem matar heilann á reynslu sem er að öllu leyti eins og sú reynsla sem þú hefur orðið fyrir um dagana. Nú situr Guð á himnum og sér í heimana tvo. Í öðrum heiminum sér hann menn sem vita heilmikið en hinum sér hann einn mannshuga sem veit ekki neitt en er yfirfullur af ósönnum skoðunum á borð við þá að til sé margt fólk í heiminum. Ofan af himnum er vandalaust að sjá hvorn heiminn þú byggir og þar með hvort þú veist af fólki sem þú umgengst eða hvort þú heldur bara að það sé til. En fyrir þig er engin leið að komast að því hvorn þessara heima þú byggir. Kannski tilheyrir þú heimi þar sem er kostur á þekkingu, kannski gerir þú það ekki.

4. Að lifa í sátt við óvissuna

Ég hef nú haldið uppi vörnum fyrir efahyggju og komist að þeirri niðurstöðu að ég viti ekki hvort ég er heili í krukku; tilraunir til að hrekja efahyggju séu allar mislukkaðar og að ekki sé hægt að leiða af henni með réttum rökum neinar þær fírrur að ástæða sé til að vefengja hana. Hvernig á að bregðast við þessu? Hvernig á að bregðast við sigri efahyggjunnar?

Því hefur verið haldið fram, þótt fyrir því séu tæpast mjög traustar heimildir, að Pyrrón hafi kennt mönnum að þeir skyldu engu trúa.²⁸ Það má efast um að þessi leið sé fær. Eins og Hume benti á er okkur ómögulegt að efast um það sem virðist augljóst eins og tilveru eigin líkama og annars fólks. Það er ekki hægt að lifa án þess að trúa einhverju - það er ekki hægt að taka þátt í stjórnámálum án þess að trúa því að annað fólk sé til. Það er ekki hægt að stunda vísindi án þess að trúa því að það sé eitthvað að marka vitnisburð skilningarvitanna. Það er ekki hægt að slökkva þorsta sinn án þess að hafa einhverja skoðun á því hvaða efnum er heppilegast að renna niður vélindað til þess arna. Sú afstaða sem eignuð hefur verið Pyrróni getur því vart talist skynsamleg. Hvað er þá til ráða?

Eigum við að segja að um þau efni sem ekkert er hægt að vita um skuli hver maður trúa því sem hann vill og bæta svo við að flestir vilji trúa því að þeir byggi heim þar sem er kostur á að afla raunverulegrar þekkingar? Mér virðist þessi kostur ekki fráleitur. Ég veit raunar enga aðra leið til að lifa við efahyggju og sé heldur ekki að það sé neinn kostur á að hafna henni.

Ég geri auðvitað ráð fyrir því að vitnisburður skilningarvitanna sé áreiðanlegur og að heimurinn sé nokkurn veginn eins og hann kemur mér fyrir sjónir. Við samningu þessa erindis gerði ég líka ráð fyrir að mannkynssagan sé nokkurn veginn eins og mér hefur verið kennt að hún sé, meðal annars að einu sinni hafi verið til menn sem hétu Hume og Kant og að þeir hafi skrifað þær bækur sem ég hef verið að vitna í. Ef til vill er mér ómögulegt að trúa öðru. En það gæti verið vegna sálrænna þvingana sem ég er beittur af geimverum eða illum anda. Eins og Hume benti á er ekki hægt að álykta að skoðun sé skynsamleg af því einu að menn komist ekki hjá því að trúa henni. Það er munur á sálfræðilegri nauðsyn og skynsamlegum rökum.

Ef til vill má styðja þá trú að heimurinn sé þekktanlegur svipuðum rökum og Kant notaði til að réttlæta skynsamlega von eða trú sem nær út fyrir mörk mögulegrar þekkingar. Ef til vill má líka styðja hana rökum sem minna á veðmál Pascals. Setjum upp tvo möguleika og gerum ráð fyrir að báðir séu jafnlíklegir: Annað hvort er heimurinn þannig að ég get öðlast þekkingu með

²⁸ Sjá Sedley 1985.

Því að nota skilningarvit mín og skynsemi eða þannig að þessar gáfur afla mér tómrá ósanninda. Ég get ekki komist að því á hvorn veg heimurinn er. En ég get valið milli þess að gera ráð fyrir að kostur sé á þekkingu og treysta skilningarvitum mínum og skynsemi og þess að gera það ekki. Hvorn kostinn á ég nú að velja? Setjum möguleikana upp í töflu:

	Það er hægt að öðlast þekkingu	Það er ekki kostur á að öðlast þekkingu	Meðalgróði
Ég geri ráð fyrir að hægt sé að öðlast þekkingu og treysti skilningarvitum mínum og skynsemi	Ég öðlast þekkingu. +1 stig	Ég hvorki öðlast þekkingu né fer á mis við möguleika á að öðlast þekkingu. 0 stig	+0,5 stig
Ég geri ekki ráð fyrir að hægt sé að öðlast þekkingu og vantreysti skilningarvitum mínum og skynsemi	Ég fer á mis við möguleika á að öðlast þekkingu. -1 stig	Ég hvorki öðlast þekkingu né fer á mis við möguleika á að öðlast þekkingu. 0 stig	-0,5 stig

Miðað við þessa stigagjöf er hagstæðara að gera ráð fyrir því að kostur sé á þekkingu og treysta skilningarvitum sínum og skynsemi. Þetta hrekur auðvitað ekki efahyggju heldur sýnir aðeins hvernig er skynsamlegast að lifa við hana. Að það sé betri spilamennska að veðja á eina skoðun en aðra bendir ekki endilega til að hún sé sönn.

Í þessu erindi hef ég fyrst og fremst fjallað um ein efahyggjurök og komist að þeirri niðurstöðu að þau standi óhrakin. Ég hefði eins getað fjallað um einhver önnur rök úr safni efahyggjumanna eins og til dæmis rök Humes fyrir því að skoðanir um framtíðina geti ekki stuðst við skynsamleg rök eða einhverja efahyggju sem er sérstaklega beint gegn vísindakenningum. Það er af nógu að taka og niðurstaðan hefði alltaf orðið sú sama. Á endanum hvíla skoðanir manna ekki á skynsamlegum rökum heldur blindri trú. Kjósi einhver aðra trú en ég og álíti að það sem ég kalla veruleika sé blekking þá get ég ekki hrakið fullyrðingar hans.

Hvaða máli skipta þessar niðurstöður mínar fyrir vísindaiðkun og vísindalega hugsun? Vísindin gera ráð fyrir ýmsum forsendum. Séu þær réttar þá afla vísindin þekkingar - jafnvel mikillar þekkingar á því hvernig

heimurinn er - en þau geta aldrei aflað þekkingar á því hvort forsendurnar sem þau gera ráð fyrir séu réttar. Þá skoðun að þessar forsendur séu réttar og vísindin afli þekkingar er nær að kenna við trú en vísindi.

Í framhaldi af þessu má svo sem spyrja hvort vísindatrúin sé skynsamleg trú. Mig grunar að hún sé, eins og mörg önnur trúarbrögð, skynsamleg meðan henni er haldið fram af kurteisi og hæfilegu lítillæti. En um leið og menn hætta að efast og fyllast af kokhraustri vissu verður vísindatrúin líklega jafn heimskuleg og hver önnur kreddufesta.

Rit

- Atli Harðarson. 1994. „Rök Berkeleys gegn efahyggju” í *Tilraunir handa Þorsteini, Afmæliskeðjur til Þorsteins Gylfasonar riflega fimmtugs*. Heimspekistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Brueckner, A. 1995. „Unfair to Nozick” í *Analysis Vol. 51 No. 1*.
- Burnyeat, M. (ritstjóri) 1985. *The Skeptical Tradition*. University of California Press.
- Chisholm, R. M. 1957. *Perceiving: A Philosophical Study*. Cornell University Press.
- Chisholm, R. M. 1982. *The Foundations of Knowing*. The Harvester Press.
- Davidson, D. 1985. *Inquiries into Truth & Interpretation*. Clarendon Press Oxford.
- DeRose, K. 1995. „Solving the Skeptical Problem” í *The Philosophical review, Vol. 104, No. 1*.
- Descartes, René. 1931. *The Philosophical Works of Descartes Vol. I*. (ritstjórar: E. S. Haldane og G. R. T. Ross) Cambridge University Press.
- Forbes, G. 1995. „Realism and Skepticism, Brains in a Vat Revisited” í *The Journal of Philosophy Vol 92, No. 4*.
- Hallie, P. P. 1985. Inngangur að Sextus Empiricus. 1985. *Selections from the Major Writings on Scepticism, Man, & God*. Hackett Publishing Company.
- Hume, David. 1988. *Rannsókn á skilningsgáfunni*. Hið íslenska bókmenntafélag.
- Kenny, A. 1975. *Wittgenstein*. Penguin Books.
- Moore, G. E. 1963. *Philosophical Papers*. George Allen & Unwin Ltd.
- Nozick, R. 1981. *Philosophical Explanations*. Harvard University Press.
- Pollock, J. L. 1986. *Contemporary Theories of Knowledge*. Rowman & Littlefield Publishers, Inc.
- Putnam, H. 1981. *Reason Truth and History*, Cambridge University Press.
- Quine, W. v. O. 1976. *The Ways of Paradox and other Essays*. Harvard University Press.
- Schmitt, C. B. 1985. „The Rediscovery of Ancient Skepticism in Modern Times” í Burnyeat, M. (ritstjóri) 1985. *The Skeptical Tradition*. University of California Press.
- Sedley, D. 1985. „The Motivation of Greek Skepticism” í Burnyeat, M. (ritstjóri) 1985. *The Skeptical Tradition*. University of California Press.
- Sextus Empiricus. 1985. *Selections from the Major Writings on Scepticism, Man, & God*. (ritstjóri: P. P. Hallie) Hackett Publishing Company.